



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# Miðaldabókmenntir

ÍSLE3ME05

Námsáætlun haustönn 2024

## Kennarar

Bertha I. Johansen (BEJ)

## Áfangalýsing

Í þessum áfanga verður fjallað um helstu gerðir íslenskra miðaldabókmennta, frá eddukvæðum til Sturlungu, og hvernig þær lifa í nútímanum. Lesin verða valin kvæði og textar af ýmsum gerðum frá tímabilinu. Textarnir greindir og tengdir við það umhverfi sem þeir spretta úr. Jafnframt verða skoðuð ýmis nútímaverk sem sækja efnivið sinn í miðaldabókmenntir. Nemendur verða einnig þjálfaðir í notkun bókmenntahugtaka og heimildavinnu. Nemendur kynna sér fræðilegar greinar sem tengjast efninu. Áhersla lögð á fjölbreytt og skapandi verkefni sem reyna á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og mismunandi hæfni nemenda, auka víðsýni og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna ýmist hver fyrir sig eða með öðrum.

## Markmið áfangans

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Upphafi íslenskrar ritmenningar
- Mismunandi tegundum miðaldabókmennta og þekki lykilverk tímabilsins
- Áhrifum miðaldabókmennta á nútímaverk
- Tengslum íslenskra miðaldabókmennta við evrópska menningu þess tíma
- Algengustu stílbrögðum sem einkenna miðaldabókmenntir
- Samfélagi, hugmyndafræði og viðhorfum miðaldamanna
- Heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu og gildi mismunandi heimilda
- Orðaforð sem þarf til að lesa helstu verk miðaldabókmennta

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa bókmenntatexta frá miðöldum sér til gagns og gamans
- greina bókmenntatexta frá miðöldum og fjalla um inntak þeirra
- greina áhrif miðaldabókmennta á nútímaverk
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn í bókmenntum

- draga saman og nýta á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrubóta
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

### Hæfniviðmið

Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja, greina og tengja saman bókmenntatexta frá ólíkum tímum
- skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- draga saman aðalatriði, beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta
- átta sig á samfélagslegum og bókmenntasögulegum skírskotunum, dulduðum boðskap og hugmyndum
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- velja ritstíl eftir aðstæðum og viðtakendum
- nýta sér heimildir af ýmsum toga í tengslum við námsefni og verkefnavinnu

### Námsefni:

Ármann Jakobsson. (2012). Bókmenntir í nýju landi. Bjartur – Veröld. Þessa bók þarf að kaupa. Eddukvæði; Völuspá og Hávamál (efni á netinu).

Brennunálssaga.is Njáluvefur eftir Sverri Árnason. (e.d.). Aðgang að þessum vef þarf að kaupa. Íslendingaþættir (efni á netinu).

### Námsmat

Ætlast er til að nemendur skili öllum verkefnum áfangans á tilsettum tíma. Aldrei eru leyfð meira en tveggja daga sein skil á verkefnum.

- |     |  |
|-----|--|
| 15% | Eddukvæði – kynningar.   |
| 20% | Tímarit  |
| 10% | Hlaðvarpsþáttur (paravinna).   |
| 15% | Njála; bókmennta- og heimildaritgerð.  |
| 15% | Bókmenntasaga; próf.   |
| 10% | Hvað er að vera þjóðskáld? Egill Skallagrímsson, Einar Ben og Bubbi Mortens. Vangaveltur og samanburður. |
| 10% | Frægt fólk þá og nú.   |
| 5%  | Virkni og ástundun (skil á verkefnum og virkni í tímum).   |

Í vinnumati sem vegur 10% og meira þarf nemandi að ná lágmarkseinkunninni 5.

## Kröfur og verkefnaskil

- Áður en nemandi skilar inn ritgerð og stærri verkefnum þá verður hann að vera búinn að setja hana inn í ai.yfirlestur.is. Að öðrum kosti verður ekki tekið við ritgerð eða stærri verkefnum.
- Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi **undirbúnir** í kennslustundir.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU. Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju.
- Allir nemendur eru skráðir í INNU og þurfa því að hafa aðgang að tölvu í tímum.
- Öllum verkefnum skal skila tölvuunnum á tilsettum tíma. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll.
- ATH! Nemandi þarf að skila verkefnum í öllum námsþáttum til þess að standast áfangann.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur og notkun gervigreindar er bönnuð og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

## Vinnuáætlun – Miðaldabókmenntir haust 2024

Dags.	Viðfangsefni
20.-23. ágúst	Kynning áfanga.
26.-30. ágúst.	Brennu-Njáls saga (k. 1-45). Umræðuverkefni og tímarit.
2.-6. sept.	Brennu-Njáls saga (k. 46-66). Umræðuverkefni og tímarit.
9.-13. sept.	Brennu-Njáls saga (k. 67-81). Umræðuverkefni og tímarit.
16.-20. sept.	Brennu-Njáls saga (k. 82-132). Umræður og tímarit. Endanleg skil á tímariti 20% og bókmennta- og heimildaritgerð lögð fyrir.
23.-27. sept.	Völuspá; lærum að lesa eddukvæðahætti. Völuspá og bókmenntasaga (bls. 7-33). Kynning 5%.
30. sept.- 4. okt.	Hávamál og bókmenntasaga (bls. 34-53).
7.-11. okt. 9. okt. valdagur	Hávamál og bókmenntasaga. Ritun 10%.
14.-18. okt. Miðannarmat Haustfrí 17.-18. okt.	Bókmennta- og heimildaritgerð skilað 15%.
21.-25. okt.	Bókmenntasaga (bls. 85-102).
28.okt.-1. nóv.	Bókmenntasaga (bls. 85-102).
4.-8. nóv.	Bókmenntasaga (bls. 54-69). Þjóðskáld; vangaveltur og samanburður 10%
11.-15. nóv.	Bókmenntasaga (bls. 70-84). Frægt fólk þá og nú 10%
18.-22. nóv.	Bókmenntasaga (bls. 103-111). Hlaðvarpsbáttur 10%
25.-29. nóv.	Bókmenntasaga (bls. 112-119).
2.-6. des.	Bókmenntasaga (bls. 120-129). Bókmenntasögupróf 15%
9.-11. des. 11. des. síðasti kennsludagur	Uppsóp

Með von um góða samvinnu.

Gert með fyrirvara um breytingar.

18. ágúst 2024, Bertha I. Johansen